

Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar

Stjórnarskipti 5, júlí 2012

Fráfarandi forseti og stjórn, ágætu félagar. Ég vil þakka fyrir það traust sem þið hafið sýnt mér með að kjósa mig sem forseta klúbbsins. Ég hef áttað mig á því með stjórnarsetu í tveimur undangengnum stjórnnum að það er mikið starf sem býður mín og minna samstarfsmanna á komandi starfsári. Sökum nýrra laga í okkar klúbbi þar sem varamenn stjórnarmanna eru fyrrverandi embættismenn eru aðeins ég og fráfarandi forseti sem sitja áfram við stjórnarborðið.

Ég er búinn að vera í Rótarýklúbbi Hafnarfjarðar síðan 28. júní 1990 eða í rétt 22 ár, er Hafnfirðingur í marga ættliði og er því gaflari. Ég er sonur Margrétar K. Valdimarsdóttur og Guðjóns Steingrímssonar sem var félagi í þessum klúbbi til dánardægurs. Ég er kvæntur Sigríði Ingu Svavarsdóttur og eigum við tvær dætur, áður átti ég einn son og barnabörnin eru fjögur.

Ég vil biðja nýja stjórnarmenn að kynna sig um leið og þeir fá sér sæti við stjórnarborðið. Jón Auðunn Jónsson er viðtakandi forseti, Jóhannes Pálmi Hinriksson er ritari, Sigurður Björgvinsson gjaldkeri, Hallfríður Helgadóttir stallari, og fráfarandi forseti Sigþór Jóhannesson.

Ég bið þetta fólk velkomið til starfa og ég veit að af þeim kynnum sem ég hef haft af þeim til lengri eða skemmri tíma að það lætur ekki sitt eftir liggja í starfi fyrir klúbbinn okkar.

Rótarý var stofnað af Paul P. Harris 23. febrúar 1905 í Chicago í Bandaríkjunum. Í dag eru félagarnir um allan heim orðnir 1,2 milljón í 34,404 klúbbum.

Heimsforseti starfsárið 2012 til 2013 er Japaninn Sakuji Tanaka hefur hann valið sér einkunnarorðin **Peace Through Service** sem Kristján Haraldsson umdæmisstjóri hefur þýtt á íslensku **“Þjónusta í þágu friðar”**.

Rótarý félagar í þessum klúbbi eins og Rótarý félagar um allan heim eru hluti af alþjóðlegri hreyfingu sem hefur á stefnuskrá sinni að standa fyrir mannúðar og menningarstarfi. Í samræmi við það er kjörorð hreyfingarinnar **“Service above self”**, sem þýtt hefur verið á íslensku **“Þjónusta ofar eigin hag”**

Markmið Rótarý er að efla og örva þjónustuhugsunina sem grundvöll heiðarlegs starfs og þó einkum að efla og örva:

1. Þróun kunningsskapar, svo að hann veiti tækifæri til þjónustu.
2. Háleitar siðgæðiskröfur í viðskiptum og starfi, viðurkenningu á gildi allra nytsamra starfa og viðurkenningu þess, að sá sem innir gott starf af hendi í starfsgrein sinni, sé samfélaginu þarfur þegn.
3. Viðleitni hvers rótarýfélaga til að breyta samkvæmt þjónustuhugsjóninni í einkalífi sínu, starfi og félagsmálum.
4. Alþjóðlegan skilning, velvild og frið með alheims félagsskap manna í öllum starfsgreinum, sem sameinast í þjónustuhugsjóninni.

Höfum því alltaf í huga fjórpróf rótarýmanna,

Er það satt?

Er það drengilegt?

Eykur það velvild og vinarhug?

Er það öllum til góðs?

Rotary foundation eða Rótarysjóðurinn nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar jafnt almennings sem stjórnvalda og er stolt okkar rótarýmanna.

Helstu markmið sjóðsins eru að stuðla að friði, menntun og heilbrigði í heiminum. Hæst ber Polío Plus verkefnið sem hefur að markmiði að útrýma lömunarveiki í heiminum. Verkefnið hefur verið í gangi í 21 ár og hillir nú undir lok þess.

Markmið er að árleg framlög Rótaryklúbba í Rotary foundation séu 100\$ og lengi vel náði okkar klúbbur þessu markmiði en eftir gengisfellingu í kjölfar bankahrunsins dró verulega úr framlögum okkar klúbbs og flestra íslenskra klúbba. Á starfsárinu 2010-2011 nam framlagið 26\$ á félag og 2011-2012 nam framlagið 50\$ á félag. Stjórnin telur miklu skipta að klúbburinn taki sem virkastan þátt í þessu merka starfi Rótaryhreyfingarinnar, en sökum hás gengis Bandaríkjadollars gagnvart íslensku krónunni leggjum við til samkvæmt markmiðum Rótary á Íslandi að okkar framlag verði 50\$ á félag.

Fyrsti Rótaryklúbburinn á Íslandi, Rótaryklúbbur Reykjavíkur var stofnaður 1934. Í dag eru 1268 klúbbfélagar í 31 klúbbi.

Núverandi umdæmisstjóri er Kristján Haraldsson Rótaryklúbbi Ísafjarðar.

Hans helstu markmið á starfárinu eru:

1. Gerum starf Rótary sýnilegra almenningi.
2. Virkari þátttaka klúbba í verkefnum. Verkefnin geta bæði verið í okkar eigin samfélagi eða í öðrum heimsálfum.
3. Fjölögum félögum í klúbbnum okkar. Markmiðið er 3 % aukning á næstu 3 árum.

Umdæmisstjóri heimsækir okkur 11. október

Umdæmisþingið verður haldið á Ísafirði 14. og 15. september næstkomandi . Til þess er ætlast að forseti og ritari í sérhverjum klúbbi mæti á þingið í þágu klúbbs og umdæmis. Umdæmisþing er ársfundur Rótaryhreyfingarinnar. Þingið og samkomur því tengdar eru opnar öllum rötaryfélögum og er hvatt til þess að sem flestir taki þátt.

Það er mikilvægt fyrir umdæmi okkar að auka kynni Rótaryfélaga, efla tengsl klúbba og styrkja samheldni , velvild og vinarhug þeirra sem vinna að Rótaryhugsjónum víðs vegar um landið. Umdæmisþingið er vettvangur þar sem tækifæri gefst til alls þessa, auk þess að vera hátíð og veisla þeim sem það sækja. Skráningarsíðan er á heimasíðu Rótaryumdæmisins. Rotary.is

Okkar klúbbur starfar eins og aðrir Rótaryklúbbar á grundvelli alþjóðahreyfingarinnar sem hvílir á þjónustuhugsjóninni, en þjónustuleiðir Rótary eru 5:

1. Klúbbþjónusta
2. Starfsgreinaþjónusta
3. Samfélagsþjónusta
4. Alþjóðleg þjónusta
5. Ungmennþjónusta

Stjórn Rótaryklúbbs Hafnarfjarðar hyggst á starfsárinu bregðast við áherslum umdæmisstjóra eins og tók eru á.

Á síðasta starfári létust 3 félagar okkar og 3 hafa sagt sig úr klúbbum. Á starfsárinu gengu 3 félagar í klúbbinn, þannig að félögum hefur fækkað um 3.

Þetta er mikið áhyggjuefni. Í Starfsáætlun Rótaryklúbbs Hafnarfjarðar fyrir þetta starfsár gerðum við ráð fyrir fjölgun um 2 féлага, hún var reyndar gerð áður en við vissum um tvær úrsagnir. Við verðum að vera vakandi fyrir áhugaverðum félögum og horfa til þess að yngja upp í klúbbum.

Hvað gerir klúbbinn eftirsóknarverðan fyrir nýja féлага? Er það ekki fyrst og fremst áhugaverð erindi, góðir félagar og það sé skemmtilegt í Rótary.

Það verður að segjast eins og er að mætingarnar eru alls ekki nógu góðar og eru undir þeim viðmiðunarmörkun sem samkomulagið við Veitingamanninn hljóðuðu uppá og einnig undir þeirri mætingaskildu sem Rótary setur, en það er 50% mæting. Ef okkur tekst ekki að bæta þar úr fáum við hækkun frá Veitingamanninum fljótlega, en matarverðið hefur verið óbreytt í tvö ár.

Í Ársreikningi fyrir síðasta starfsár eru tveir liðir sem stinga í augun, það eru Þjónustugjöld banka og korta og Posaleiga og sími sem hljóðar samtals uppá kr.108,912,- Þetta er kostnaður sem að mínu viti mætti missa sig. Þetta hefur verið rætt áður í klúbbum og verður tekið upp á næsta klúbbþingi.

Stjórnin hefur samþykkt að taka ekki við kredit kortum sem greiðslu fyrir matarverð enda er kostnaðurinn þeim samfara mjög hár. Þannig verður aðeins tekið á móti peningum eða debet korti. Það getur ekki verið mikið mál þar sem banki er hér í húsinu.

Handbókin er tilbúin og liggur fyrir á fundinum. Hún er með svipuðu sniði og venjulega en þó með þeirri undantekningu að sérlögin hafa verið tekin út. Teljum við það óþarfa þar sem þau verða til taks á öllum fundum auk þess sem það gerir bókina meðfæranlegri.

Eitt af helstu markmiðum umdæmisstjóra er þátttaka í Samfélagsmálum. Til að koma til móts við þær óskir hefur verið sett á laggirnar Samfélagsnefnd, sem gerir tillögur í samráði við stjórn klúbbsins að samfélagsverkefni á vegum klúbbsins og hefur umsjón með framkvæmd þeirra.

Sökum dræmrar aðsóknar á árhátíð klúbbsins undanfarin ár ákvað stjórn síðasta starfsárs að setja veglega upphæð til niðurgreiðslu á miðaverði hennar. Því miður bar það ekki árangur hverju sem það er um að kenna, ef til vill breyttum tíðaranda? Það er ef til vill nóg að halda árhátíð annað hvert ár eða jafnvel á fimm ára fresti. Stjórnin ákvað að leggja í þennan lið kr. 66,500,- hvort sem við höldum árhátíð eða gerum eitthvað annað skemmtilegt í samráði við skemmtinefnd.

Venjan er sú að ný stjórn tilkynni á fyrsta fundi starfsársins val hennar á heiðursfélaga komandi starfsárs. Stjórnin hefur ákveðið að Niels Árnason verði heiðursfélagi Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar starfsárið 2012-2013.

Uppistaða í fundum klúbbsins eru áhugaverð erindi. Undanfarin ár hafa fundir verið góðir og fyrirlesarar áhugaverðir. Val á fyrirlesurum hvílir alfarið á nefndum klúbbsins og treysti ég á að þar verði enginn misbrestur á. Nefndir og fundardagar eru í handbókinni og ætlast ég til að nefndarmenn hugi að fyrirlesurum í tíma og láti mig vita um fyrirlesara og fundarefni eins fljótt og unnt er.

3ja mínútna erindi eru einnig í handbókinni og ber hver og einn ábyrgð á sínu erindi. Ef félagar skipta á dögum vil ég biðja viðkomandi um að láta mig vita svo hægt sé að koma því í fundarboð.

Stjórnin hefur samþykkt að fella niður fundi 19. og 26. Júlí, einnig fellur niður fundur á milli jóla og nýárs.

Ágætu félagar ég og stjórnin mun kappkosta að standa undir því trausti sem okkur er sýnt og vonumst til að eiga gott og ánægjulegt starfsár framundan.

Höfum í huga einkunnarorð hreyfingarinnar “Service above self” Þjónusta ofar eigin hag.

Steingrímur Guðjónsson,
Forseti Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar 2012-2013